

Föstudaginn 5. mars 1993.

Nr. 77/1993. **Halldór Þ. Birgisson**
 gegn
Sigmundi Böðvarssyni.

Kærumál. Úrskurður stjórnar LMFÍ. Málflutningsmaður.
 Áminning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, sbr. 4. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1993, er barst réttinum 15. febrúar 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 13. janúar 1993 verði úr gildi felldur, að því er varðar niðurstöðu hans um áminningu á hendur sóknaraðila og sóknaraðili þannig sýknaður af kæru um brot gagnvart varnaraðila á siðareglum Lögmannafélags Íslands. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 13. janúar 1993.

Í bréfi, dags. 11. júní 1992, óskaði Halldór Þ. Birgisson hdl. eftir því, að stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðaði í ágreiningsmáli sínu og Sigmundar Böðvarssonar hdl., en ágreiningurinn fjallar um, hvort síðarnefndi lögmaðurinn hafi brotið gegn 2. mgr. 8. gr. siðareglna LMFÍ. Óskaði Halldór Þ. Birgisson hdl. (HÞB) eftir því, að erindið yrði afgreitt með hliðsjón af 4. mgr. 40. gr. siðareglna LMFÍ.

Sigmundur Böðvarsson hdl. (SB) tjáði sig um erindi HÞB með bréfi, dags. 24. júní 1992. Í tilefni bréfs þessa beiði stjórn LMFÍ þeim tilmælum til SB, að hann frestaði öllum frekari aðgerðum gagnvart HÞB, þar til

stjórnin hefði tekið afstöðu til erindisins, og var í því sambandi vísað til 29. gr. siðareglna LMFÍ.

SB óskaði eftir því við stjórn LMFÍ í bréfi, dags. 26. júní 1992, að ekki yrði tekin afstaða til málsins, fyrr en hann hefði skilað inn greinargerð í málinu, og barst hún síðan í bréfi, dags. 6. október 1992. HÞB tilkynnti í samtali við framkvæmdastjóra LMFÍ 14. október 1992, að hann hygðist ekki senda inn frekari greinargerð í málinu, en hann hafði þá fengið afrit af bréfi SB.

Málavextir.

Í máli nr. 2196/1992 fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem SB höfðaði gegn Sigurði Erni Gíslasyni, tók HÞB til varna f. h. stefnda. Í greinargerð, er HÞB lagði fram f. h. stefnda, voru viðhöfð ummæli, er SB taldi ærumeiðandi fyrir sig. Taldi hann HÞB bera ábyrgð á ummælunum, en greinargerðin var undirrituð af HÞB vegna stefnda. Af því tilefni ritaði hann HÞB bréf, dags. 4. júní 1992, og tilgreindi þar þau ummæli í greinargerðinni, sem hann taldi ærumeiðandi og jafnframt refsiverð skv. XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sérstaklega 234. og 235. gr. laganna. Með vísun til 264. gr. laganna bauð hann HÞB að bæta fyrir ummælin með greiðslu á 500.000,00 kr. eða annarri lægri fjárhæð til sín samkvæmt samkomulagi innan viku frá dagsetningu bréfsins. Ella yrði HÞB stefnt til greiðslu bóta, og yrði málið þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur í júní 1992.

HÞB svaraði bréfi SB með bréfi, dags. 11. júní 1992, og vísaði þar fjárkröfunni algerlega á bug. Jafnframt kvað hann það fráleitt, að hægt væri að eigna sér persónulega ummæli í greinargerð umbjóðanda síns, sem undirrituð væri af sér f. h. umbjóðanda síns samkvæmt lögmannsumboði sínu. Sama dag ritaði HÞB stjórn LMFÍ bréf það, sem getið er framar í úrskurði þessum, og óskaði úrskurðar skv. 4. mgr. 40. gr. siðareglna LMFÍ um það, hvort SB hefði brotið 2. mgr. 8. gr. siðareglanna með því að samkenna sig hagsmunum umbjóðanda síns. Tók HÞB jafnframt fram, að ummælin í greinargerð Sigurðar Arnar Gíslasonar væru á hans ábyrgð, en ekki sína.

Þau ummæli í greinargerð stefnda, sem SB taldi ærumeiðandi fyrir sig, voru eftirfarandi:

„Stefndi telur ljóst, að stefnandi sé einn eða í samstarfi við Bústað sf. að reyna að hafa út úr sér fé á ólögætlan hátt með innheimtu víxilsins“. Enn fremur: „... mun stefndi neyðast til að leggja fram kæru vegna meintrar refsiverðrar ráðstöfunar víxilsins og tilraunar til ólögætrar auðgunar með nýtingu víxileyðublaðsins“. Leturbreytingar eru eins og þær koma fyrir í bréfi SB til HÞB, dags. 4. júní 1992.

Í greinargerð SB, dags. 6. október 1992, krafðist hann þess með vísan

til 23. og 28. gr. siðareglna LMFÍ, sbr. 5. mgr. 40. gr. reglnanna og 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, að HÞB yrði gert að greiða sekt í styrktarsjóð LMFÍ vegna þeirrar óvirðingar, sem HÞB hefði sýnt sér í greinargerðinni í bæjarþingsmálinu. Vakti hann sérstaka athygli á því, að HÞB hefði hótad sér kæru, félli hann ekki frá kröfugerð sinni eða takmarkaði hana við rétta kröfu. Taldi SB þessa háttsemi brjóta gegn 28. gr. siðareglanna.

Álit stjórnar LMFÍ:

Í máli þessu er óskað úrskurðar stjórnar LMFÍ á grundvelli 4. mgr. 40. gr. siðareglna LMFÍ vegna meints brots á 2. mgr. 8. gr. siðareglanna, en í þeirri málsgrein segir, að lögmanni beri að forðast að samkenna sig skjólstæðingi sínum, og jafnframt, að hann eigi kröfu til að vera ekki samkenndur þeim sjónarmiðum og hagsmunum, sem hann gætir fyrir skjólstæðing sinn. Þá hefur SB krafist þess, að HÞB verði gert að greiða sekt til styrktarsjóðs LMFÍ vegna meintra brota á 23. og 28. gr. siðareglanna. Verður hér á eftir fjallað um hvort ágreiningsefni fyrir sig.

1. Að mati stjórnar LMFÍ felst í ákvæði 2. mgr. 8. gr. siðareglanna sú hugsun, að lögmaður verði ekki samkenndur þeim sjónarmiðum skjólstæðings, sem málatalibúnaður hans byggist á, þ. e. efnislegum rökum og málsástæðum skjólstæðingsins. Lögmaðurinn er umboðsmaður skjólstæðings síns og lögfræðilegur ráðgjafi. Sem slíkur starfar hann sjálfstætt og er óháður hagsmunum skjólstæðingsins. Honum ber að haga starfi sínu með þeim hætti, að það sé innan marka umboðsins. Fari lögmaðurinn út fyrir umboðið, getur það bakað honum bótaábyrgð gagnvart skjólstæðingi, gagnaðila eða þriðja manni og jafnvel refsíábyrgð. Gildir þetta jafnt um málflutningsumboð sem umboð vegna annars konar lögmannsstarfa.

Í bréfi SB til HÞB, dags. 4. júní 1992, kemur fram, að SB telur hin tilvitnuðu ummæli í greinargerðinni á ábyrgð HÞB. Þá segir í bréfinu:

„Í hinum tilvitnuðu ummælum yðar í greinargerð haldið þér fram, að ég undirritaður sé að reyna að hafa fé af umbjóðanda yðar á ólögmetan hátt, og enn fremur, að ég undirritaður sé að gera tilraun til að auðgast ólöglega með því að stefna umbjóðanda yðar til greiðslu víxilsins.

Ég tel hin tilvitnuðu [ummæli] ærumeiðandi fyrir mig og refsiverð samkvæmt XXV. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 og vísa þar sérstaklega til 234. og 235. gr. laganna.“

Í framhaldi af þessu krefst SB síðan bóta úr hendi HÞB með tilvísun í 264. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framangreindu virðist SB umfram allt telja HÞB bóta- og refsíábyrgan fyrir meint ærumeiðandi ummæli í greinargerðinni, en ekki er að sjá, að hann telji HÞB hafa gert hagsmuni og sjónarmið skjólstæð-

ingsins að sínum. Að mati stjórnar LMFÍ er því ekki unnt að fallast á það með HÞB, að SB hafi samkennt hann hagsmunum og sjónarmiðum skjólstæðingsins.

2. Seinna ágreiningsefnið fjallar um, hvort HÞB hafi gerst brotlegur við 23. og 28. gr. siðareglna LMFÍ vegna ofangreindra ummæla í greinargerðinni. Í 23. gr. siðareglanna er kveðið á um það, að lögmenn skuli hafa góða samvinnu sín á milli og sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu, og jafnframt, að þeir skuli sýna hver öðrum þá tillitssemi, sem samrýmanleg sé hagsmunum skjólstæðings. Í 28. gr. siðareglanna er kveðið á um það, að lögmaður megi ekki hóta lögmanni gagnaðila kæru eða lögsókn í því skyni að fá hann til að afhafast eitthvað eða láta eitthvað ógert í máli gagnaðila.

Bæjarþingsmál það, þar sem greinargerð HÞB fyrir hönd stefnda var lögð fram, fjallar um innheimtu á kröfu skv. tryggingarvixli, sem stefnandi (SB) hafði eignast með eyðuframsali. Víxillinn hafði verið settur til tryggingar á hugsanlegum vanefndum húsaleigusamnings stefnda og Bústaðar sf. SB hafði, rétt áður en hann eignaðist víxilinn, reynt að innheimta ætlaða húsaleiguskuld stefnda við Bústað sf., og var í innheimtubréfi hans, dags. 14. janúar 1992, m. a. vísað til tryggingarvixilsins. Í bréfi hans til stefnda, dags. 24. janúar 1992, reyndi hann hins vegar að innheimta kröfu skv. tryggingarvixlinum sjálfum og fylgdi því eftir með stefnu, út gefinni 12. febrúar 1992, þar sem fram kemur, að hann er orðinn eigandi víxilsins.

Málið var rekið sem venjulegt víxilmál, og tók HÞB til varna fyrir hönd stefnda. Títtnefnd greinargerð stefnda var lögð fram í bæjarþingi Reykjavíkur 31. mars 1992 og raktar þar málsástæður og lagarök til stuðnings sýknukröfu. Auk þess voru í greinargerðinni viðhöfð þau ummæli, sem að ofan greinir og SB telur bótaskyld og refsiverð og brot á siðareglum LMFÍ.

Stjórn LMFÍ telur, að ummælin í greinargerðinni hafi verið óþörf og að þau séu aðfinnsluverð. Halldór Þ. Birgisson hdl. telst með þeim hafa brotið gegn ákvæðum siðareglna LMFÍ, einkum ákvæðum 23. og 28. gr. reglnanna. Ber að veita Halldóri Þ. Birgissyni hdl. áminningu af þessu til efni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sigmundur Böðvarsson hdl. telst ekki hafa brotið gegn 2. mgr. 8. gr. siðareglna LMFÍ.

Halldór Þ. Birgisson hdl. sæti áminningu.